

## GJALDSKRÁ

**fyrir fráveitugjald í Skaftárhreppi.**

1. gr.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps innheimtir gjald fyrir fráveitu á Kirkjubæjarklaustri skv. gjaldskrá þessari.

2. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001, með síðari breytingum. Fráveitugjald skal nema 0,25% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald. Gjald dagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

3. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

4. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af sveitarstjórn Skaftárhrepps 12. desember 2013, samkvæmt 15. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009 og 25. gr. laga um hollustuhætti- og mengunarvarnir nr. 7/1998 og öðlast þegar gildi.

*Samþykkt af sveitarstjórn Skaftárhrepps, 12. desember 2013.*

**Eygló Kristjánsdóttir** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 12. febrúar 2014